



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Sæborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



1. Innihald

2.	Greinargerð leikskólastjóra	3
3.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	5
4.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	7
5.	Starfspróunarsamtöl.....	9
6.	Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans	9
7.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	9
8.	Foreldrasamstarf	9
9.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	10
10.	Próunarverkefni.....	12
	10. Fylgiskjöl:.....	13
	Innra mat Brúarenda 2025-2026	13
	Umbótaáætlun Brúarenda 2026-2027	15
	Innra mat Suðurhlíðar 2025-2026	17
	Umbótaáætlun Suðurhlíðar 2026-2027	19
	Innra mat Lambhóls 2025-2026.....	21
	Umbótaáætlun Lambhóls 2026-2027.....	22
	Innra mat Garða 2025-2026	25
	Umbótaáætlun Garða 2026-2027.....	26
	Samtal við börn.....	29
	Málstefna Sæborgar.....	32
	Umsögn foreldraráðs.....	34





2. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2025-2026 var að flestu leyti gott hjá okkur í Sæborg. Meiri stöðugleiki var í starfsmannahópnum en síðustu ár og hlutfall fagfólks jókst. Kennari af erlendu bergi brotinn fékk leyfisbréf til kennslu og tveir aðrir eru í leikskólakennaranámi. Frá áramótum hefur doktorsnemi verið hjá okkur og unnið sitt doktorsverkefni með börnunum.

Sú nýbreytni var hjá okkur haustið 2025; að skólastjórnendur hittu alla nýja foreldra á fundi, ásamt viðkomandi deildarstjóra, áður en aðlögun hófst. Okkur fannst þetta koma vel út og vera gott tækifæri til að koma nauðsynlegum upplýsingum á milli heimilis og skóla.

Við höfum lagt áherslu á starfsþróun og starfsmannahópurinn hefur fengið ýmis konar fræðslu í vetur. Fulltrúi frá ADHD samtökunum kom og hélt fyrirlestur um leikskólann og ADHD, Edda Björgvinsdóttir fræddi okkur um að húmor sé dauðans alvara og Kristín Hildur Ólafsdóttir hélt áfram að leiða okkur í uppfærslu námskrár Sæborgar. Emilía Rafnsdóttir kom og kynnti málstefnur og í kjölfarið hefur málstefna Sæborgar litið dagsins ljós (sjá fylgiskjal). Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir kom á sameiginlegan fund starfsmanna og foreldra og fræddi okkur um ofbeldi gegn börnum og kynheilbrigði þeirra. Starfsmaður sem er í mastersnámi kynnti verkefni sem hún hefur gert í tengslum við sitt nám. Skólastjórnendur og sérkennslustjóri kynntu námskeið sem þær sóttu í Amsterdam og Barcelona og báru yfirskriftina Art as a Therapy. Auk þess voru þrjár síðast nefndu í lærdómssamfélögum einu sinni í mánuði, annars vegar -leikskólastjóra og hins vegar -sérkennslustjóra.

Vel hefur gengið að vinna eftir nýlegum farsældarlögum og lausnarteymisfundir hafa verið haldnir á ca. 6 vikna fresti á skólaárinu, bæði með og án ráðgjafa frá Vesturmiðstöð. Á þessum fundum hafa um 25 börn verið rædd. Í Sæborg erum við með öflugt sérkennsluteymi sem getur haldið vel utan um stuðningskennslu og snemmtæka íhlutun; því hér starfa tveir þroskajálfar og leikskólasérkennari, auk reynslumikilla kennara.

Við fengum marga gesti í vetur, sem vildu fræðast um starfið í Sæborg og í apríl voru tveir franskir kennarar með okkur í nokkra daga í starfskyggingu (job shadowing).

Á næsta skólaári er áætlað að hefja innleiðingu á verkefninu Föruneyti barnsins, sem er þróunarverkefni á vegum Mennta og barnamálaráðuneytisins og Miðstöðvar menntunar og





skólaþjónustu. Einnig erum við aðilar að umsókn umstyrk í Erasmus+ samstarfsverkefni um nám og kennslu barna innflytjenda; ásamt skólum frá Lettlandi, Grikklandi og Póllandi.

Innleiðing Reykjavíkurleiðarinnar svokölluðu hefur þegar haft nokkur áhrif hjá okkur. Þegar þetta er skrifað, þá eru 14 börn af 71 með vistun til klukkan 14:30 eða fyrr á föstudögum og nokkur til viðbótar eru með styttri vistunartíma en áður, yfir vikuna. Í haust á síðan eftir að koma betur í ljós hvernig mun ganga að klára dagana næsta vetur, sem fer auðvitað eftir því hversu langur vistunartími nýrra barna verður og hvort starfsfólk vill vinna lengri vinnuviku og safna upp í skráningardaga.

Sæborgarar líta björtum augum til næsta skólaárs.

Hafdís Svansdóttir, skólastjóri í Sæborg





3. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið? Flæði og hæglæti	
Hvernig fór matið fram?	Umræðumat á stjórnenda- og starfsmannafundum. Viðtöl við börn.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk og börn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Okkur hefur gengið vel að leggja áherslu á hæglæti m.a. með því að skipta hópnum sem mest niður, gefa leiknum tíma og hafa sem fæstar skiptistundir. Sjá líka fylgiskjal með viðtölum við börn

Hvað var metið? Útikennsla á eldri deildunum	
Hvernig fór matið fram?	Umræðumat á stjórnenda-, deildar- og starfsmannafundum. Viðtöl við börn.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk og börn
Helstu niðurstöður mats	Farið var í margar vettvangsferðir á elstu deildinni. Samvinna næst elsta árgangs milli tveggja deilda var ekki nógu markviss, en þó fóru þau nokkrum sinnum í ferðir út fyrir lóðina. Sjá líka fylgiskjal með viðtölum við börn.





Hvað var matið? Teymisvinna

Hvernig fór matið fram?	Okkur tókst ekki að gera teymisvinnu markvissa á skólaárinu
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Sjá að ofan -
Helstu niðurstöður mats	Okkur tókst ekki nógu vel að virkja teymi á þessu skólaári. Við ætlum áfram að stefna að teymisvinnu og lærdómssamfélögum á því næsta.

Ytra mat

Hvað var matið?	
Hvernig fór matið fram?	Ekkert ytra mat fór fram á þessu skólaári
Hverjir tóku þátt í matinu?	
Helstu niðurstöður mats	





4. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur mannauður/leikskólabragur	Teymisvinna og lærdómssamfélög
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Aðaláhersla næsta skólaárs er að virkja fjögur teymi/lærdómssamfélög. -Útikennsla -Dans og hreyfing -Sköpun og flæði -Málörvun
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við stefnum á að helst verði einn frá hverri deild í hverju teymi, reynum að koma til móts við áhugasvið hvers og eins. Stefnan er að hvert teymi fundi einu sinni í mánuði. Teymin setji sér markmið og geri áætlanir um hvernig sé unnið og
Ábyrgð	Leikskólastjórnendur, deildarstjórar og starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september, að lokinni aðlögun og heldur áfram til loka skólaársins.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Spurningakönnun til starfsfólks. Umræðumat á stjórnenda-, deildar- og starfsmannafundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að teymisfundir séu haldnir reglulega og fundargerðir skrifaðar. Að efni sem tekin eru fyrir á fundunum skili sér inn í daglegt starf.





**Stjórnun- uppeldis og menntastarf,
mannauður/leikskólabragur-
innra mat**

Umbótaþáttur/matsþáttur	Að vinna útikennslu-, -dans, -sköpunar- og málörvunarteyma skili sér inn í allt leikskólastarfið
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að öll börn og starfsfólk í Sæborg njóti góðs af og að skólinn verði enn meiri heild.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Teymin munu halda utan um vinnuna og miðla til barna og fullorðinna.
Ábyrgð	Leikskólastjórnendur og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September til júní
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið á teymisfundum, farið yfir fyrri fundargerð. Umræðumat á Stjórnenda- og deildarfundum
Viðmið um árangur-	Að bæði börn og starfsfólk efli og auki þekkingu sína á markvissari hátt. Að starfsgleði verði meiri með þessari nálgun og að starfsfólk fái frekar tækifæri að vinna með sín áhugasvið.





5. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl milli starfsfólks og leikskólastjóra fóru fram í nóvember. Einnig stutt innlits samtöl í maí, til að ræða óskir og fyrirætlanir fyrir næsta haust.

6. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Fræðsla um lærdómssamfélög og teymisvinnu.

Fræðsla um hæglæti í leikskólastarfi.

Allt starfsfólk fer á leikskólaráðstefnuna á degi leikskólans í febrúar.

Stefnt er að námsferð til Finnlands í apríl 2027.

7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Apríl 2027	Heimsókn inn í bekk og á bókasafn	Melaskóli	Melaskóli
Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Maí 2027	Vorheimsókn með foreldrum	Melaskóli	Melaskóli

Leikskólar sem tengjast Melaskóla sendu sameiginlegan póst til Melaskóla í apríl, þar sem óskað er eftir meira samstarfi. Ekki tókst að finna tíma fyrir fund, en áhugi er hjá öllum til þess að auka samstarf.

8. Foreldrasamstarf

Við verðum með sömu áherslur í foreldrasamtali og áður, á næsta skólaári. Fyrir utan foreldrasamtöl og kynningarfundir, er foreldrum boðið að koma í skapandi jólastund, í fjölskyldukaffi og öskudagsbúningagerð.

3ja manna foreldraráð er starfandi í Sæborg. Tveir fulltrúar héldu áfram á þessu skólaári og einn fenginn inn í nóvember eftir að leikskólastjóri var í sambandi við viðkomandi. Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn í byrjun nóvember, á hann mætti aðeins stjórnin og eitt annað foreldri, svo ekki var hægt að kjósa í foreldraráð.





Leikskólastjóri og deildarstjórar hittu alla foreldra nýrra barna í vikunni áður en aðlögun þeirra hófst.

Kynningarfundir fyrir foreldra voru haldnir í fyrstu vikunni í október. Ein deild í einu kynnti vetrarstarfið og markmið sín fyrir skólaárið.

Foreldrar voru boðnir í svo kallaðar skapandi jólastundir í desember, ein deild í einu. Þar bjuggu börn og foreldrar til skraut á jólatréð saman, skreyttu það og fengu piparkökur og mandarínur.

Í fyrstu vikunni í mars bauð ein deild í einu til "fjölskyldukaffis" þar sem foreldrar komu í síðdegishressingu með sínum börnum.

Sumarhátíð Sæborgar er á dagskrá 16. Júní.

Formleg foreldrasamtöl voru tvisvar á skólaárinu, í nóvember og apríl.

Foreldrafélag er starfandi við Sæborg. Stjórnin kom að skipulagningu á jólaballi, sveitaferð og sumarhátíð. Auk þess gaf foreldrafélagið starfsfólki jólagjöf þetta árið, sem fyrri ár.

Í desember bauð Sæborg foreldrum og starfsfólki á fyrirlestur hjá Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur, verkefnisstýru ofbeldis- og kynheilbrigðismála hjá Barnaheillum.

9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

24. ágúst

30. september, sameiginlegur með Melaskóla

3. febrúar, sameiginlegur með Melaskóla

21. apríl, námsferð til Finnlands

23. apríl, námsferð til Finnlands

27. apríl, sameiginlegur með Melaskóla





Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla:

Samborg

Ár	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1. L	1. B	1. F	1. S	1. F	1. M	1. M	1. M	1. F	1. L	1. M	1. F
2. S	2. M	2. F	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M	2. F	2. S	2. M	2. F
3. M	3. F	3. L	3. F	3. F	3. M	3. M	3. M	3. M	3. M	3. M	3. F
4. B	4. F	4. B	4. F	4. F	4. M	4. F	4. F	4. F	4. B	4. F	4. S
5. M	5. L	5. M	5. F	5. L	5. B	5. F	5. F	5. F	5. M	5. L	5. M
6. F	6. S	6. F	6. F	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. F	6. M	6. B
7. F	7. M	7. M	7. L	7. M	7. F	7. F	7. F	7. F	7. F	7. M	7. M
8. L	8. B	8. F	8. M	8. F	8. M	8. M	8. M	8. M	8. L	8. B	8. F
9. M	9. M	9. F	9. M	9. L	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. F
10. M	10. F	10. L	10. B	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M	10. L
11. B	11. F	11. M	11. M	11. F	11. M	11. M	11. M	11. M	11. B	11. F	11. S
12. M	12. L	12. M	12. F	12. B	12. M	12. F	12. F	12. M	12. M	12. L	12. M
13. F	13. S	13. M	13. F	13. M	13. L	13. L	13. L	13. L	13. F	13. S	13. B
14. F	14. M	14. F	14. L	14. M	14. F	14. M	14. M	14. M	14. F	14. M	14. M
15. L	15. B	15. F	15. M	15. F	15. M	15. M	15. M	15. M	15. L	15. F	15. F
16. S	16. M	16. L	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	16. S	16. M	16. F
17. M	17. F	17. M	17. B	17. M	17. F	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. L
18. B	18. F	18. M	18. M	18. F	18. M	18. M	18. M	18. M	18. B	18. F	18. S
19. M	19. L	19. M	19. F	19. M	19. L	19. L	19. L	19. L	19. M	19. M	19. M
20. F	20. S	20. F	20. F	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. F	20. M	20. B
21. F	21. M	21. L	21. M	21. M	21. F	21. M	21. M	21. M	21. F	21. M	21. L
22. L	22. B	22. F	22. M	22. M	22. F	22. M	22. M	22. M	22. L	22. B	22. F
23. S	23. M	23. L	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. S	23. M	23. F
24. M	24. F	24. M	24. B	24. M	24. F	24. M	24. M	24. M	24. M	24. L	24. M
25. B	25. F	25. M	25. M	25. F	25. M	25. M	25. M	25. M	25. B	25. F	25. S
26. M	26. L	26. M	26. F	26. M	26. L	26. L	26. L	26. L	26. M	26. M	26. M
27. F	27. S	27. M	27. F	27. M	27. F	27. L	27. L	27. L	27. F	27. F	27. B
28. F	28. M	28. L	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. F	28. M	28. L
29. L	29. B	29. F	29. M	29. F	29. M	29. M	29. M	29. M	29. L	29. F	29. F
30. S	30. M	30. L	30. M	30. M	30. L	30. L	30. L	30. L	30. S	30. M	30. F
31. M	31. L	31. M	31. M	31. F	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. L	31. S

Í röngum um leikskólabörnustu sögu:

Leikskólar eru lokandi sex daga á ári vegna skóladagsdaga. Því þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemanda í grunnskólum en hinir þrír gíla verði ymist halfr dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagur í leikskólum eru þú og gjöld lækkað vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vitnun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarihlí. Leikskólaþjónustan er að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samkvæmt í þú til tuttugu virka daga. Stofna skóla- og frístundasviðs er að í hveinu hverfi leikskólaþjónustur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skóladagsdaga til hagnæmis við fjölskyldur í Reykjavík.



10. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
Föruneyti barnsins	Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Vesturmiðstöð.	Verkefnið fær ekki fjárhagsstuðning



10. Fylgiskjöl:

Innra mat Brúarenda 2025-2026

Í haust sameinuðust á Brúarenda tuttugu og tvö börn af tveimur deildum. Sjö strákar fæddir 2020 og níu stelpur, ein stelpa fædd 2021 og fimm strákar. Í febrúar bættist stelpa við, fædd 2019. Elsta barnið varð sex í janúar 2026 og yngsta barnið varð fimm ára í apríl 2026. Það var því mikill aldurs- og þroska munur í barnahópnum.

Börnin fædd 2020 tóku þátt í menningarlegum viðburðum og öðrum verkefnum sem elstu árgöngum leikskólanna stendur til boða ár hvert. Hápunkturinn ársins var þátttaka þeirra í tónleikunum Söngvavor í tilefni Barnamenningarhátíðarinnar. Undirbúningur tónleikanna krafðist mikilla æfinga og samvinnu, en afraksturinn var stórkostlegur: 350 leikskólabörn sungu saman í kór og voru afskaplega stolt af frammistöðu sinni.

Börnin fædd 2021 nýttu þessum stundum í að styrkja vináttutengslin við jafnaldra á Suðurhlíð, en þar voru tíu börn fædd 2021. Þau fóru í margar vettvangsferðir í nærumhverfi leikskólans, kynntust menningarlífi og náttúrunni.

Í umbótaáætlun starfsáætlunar 2025-2026 voru sett tvö aðalmarkmið. Í fyrsta lagi var unnið að því að efla félagsfærni barna og mynda liðsheild á deildinni og í öðru lagi að efla sjálfstæði og gagnrýna hugsun.

Unnið var að því að efla félagsþroska og liðsheild á deildinni strax um haustið. Leikrýmið á Brúarenda er takmarkað, því er nauðsynlegt að skipta barnahópnum í tvennt í útiveru. Hópaskipting var þvert á aldurshópa. Þetta gaf börnunum tækifæri til að kynnst vel og einnig fá ró og næði í leik inni á deild. Eftir áramót var stokkað upp í hópunum til að börnin fengu tækifæri að kynnst hvert öðru enn betur.

Starfsfólk var virkt í að hvetja börnin til að sýna hvert öðru umburðarlyndi í leik, læra að setja sig í spor annara og setja mörk á viðeigandi hátt. Einnig voru þau minnt á að það sé eðlilegt að gera mistök og að kennarar séu til staðar til að aðstoða þau í leik og starfi. Unnið var markvist að því að auka samkennd og skilning barna í gegnum bókalestur og með því að ræða atvik sem komu upp í leiknum. Það var gott samband við foreldra bæði í daglegum samskiptum og í gegnum formleg samtöl svo hægt væri að aðstoða börnin við að styrkjast félagslega.



Árangurinn var góður. Hópaskipting virkaði vel og þegar leið á veturinn voru flest börn búin að mynda ný vináttutengsl. Leikurinn varð fjölbreyttari því þau höfðu mismunandi áhugasvið og þarfir. Flest börn gátu þróað samskiptafærni sína, það voru mun færri árekstrar í leik og við tókum eftir að þau voru farinn að semja reglur í leiknum sjálf. Það var einstaklega ánægjulegt að sjá börn sem stóðu höllum fæti félagslega blómstra, eignast vini og taka virkan þátt í leik og starfi. Það er samt mikilvægt að halda áfram að vinna með að virða mörk og leikreglur og markmiðið er að gera samskiptasáttmála með börnunum á næsta skólaári.

Stuðlað var að eflingu gagnrýnnar hugsunar barna á markvissan hátt. Lesnar voru alls konar bækur og athygli vakin á tilfinningum sögupersóna og gjörðir þeirra. Sögurnar voru oft nýttar sem upphafspunktur í umræðum í barnahópnum og ýttu þær undir sjálfskoðun barnanna, siðfræðilegan skilning og meðvitund um að raunveruleikin getur verið ólíkur því sem þar kemur fram. Atvik sem komu upp í barnahópnum voru einnig nýtt til að útskýra fyrir börnunum að hugsa sjálfstætt í staðinn fyrir að fylgja vinum sínum. Ekki er hægt að segja að markmiðinu sé náð en börnin sýna miklar framfarir. Þau eru farin að skilja betur örsök og afleiðingar og jafnvel að minna vini sína á ef þeir gera eitthvað óviðeigandi.

Árið hefur einkennast af gleði þar sem börnin nutu sín vel í leik og skapandi starfi. 2020 árgangurinn er að undirbúa útskriftina sína og næsta kaflann í menntun sína. Við munum útskrifa 16 skapandi, lífsglaða einstaklinga í ágúst næstkomandi.

2021 árganginn fær eitt ár í viðbót þar sem þau sameinast jafnöldrum sínum á Suðurhlið, eflast enn frekar og njóta þess að vera elst í leikskólanum.

-Sulakshna Kumar, deildarstjóri





Umbótaáætlun Brúarenda 2026-2027

Brúarendi	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Efla félagsfærni og sjálfsstjórn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin læri góð samskipti, kunni að setja mörk á viðeigandi hátt og virða mörk annara.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Semja skýrar samskiptareglur með börnunum og hafa þær sýnilegar. Nýta jákvæða styrkingu en hafa skýr mörk þegar út af bregður. Nýta sögur og atvik til að kenna börnum að setja sig í spor annara, bera virðingu fyrir ólíkum sjónarhornum og sýna samkennd og hjálpsemi.
Ábyrgð	Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept 2026-Maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræðumat um félagsþroska og líðan barna á deildarfundum. Mánaðarlegir vináttufundir í samverustundum. Rýnihópur barnanna sem metur stöðuna tvisvar á ári. Í nóvember og maí.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin geta leikið með ólíkum einstaklingum. Að börnin læra að skiptast á, að ræða málin sín á milli og leiti leiða til að leysa úr ágreiningi sjálf.





Brúarendi	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að efla tjáningarfærni barnanna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin eflist í að nýta málið sitt til að spyrja spurninga, koma hugmyndum sínum á framfæri og skilja það sem þau hlusta á og geti útskýrt eftir þörfum. Að þau nýti skapandi leiðir til að koma á framfæri hugmyndum sínum og virki ímyndunaraflið sitt.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa fastar sögustundir og söngstundir. Lestur mismundi texta, t.d. alfræðibóka og sögubóka. Vinna með rím, þulur og söngva. Reynt verður að finna efni sem vekur áhuga barnanna hverju sinni með því að auka val þeirra á lesefni og söngvum. Bjóða uppá fjölbreytt úrval af leikefni og veita tækifæri til listrænnar sköpunar. Nýta sögupersónur og annað sem kveikjur í listsköpuninni.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026-maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Viðtöl við börn og foreldrakönnun. Umræðumat á deildarfundum m.a. að skoða skráningu yfir lesefnið/söngvar
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börnin sýni lestri og bókum áhuga, hlusti af einbeitingu og nýti sögurnar í leik og sköpun.





Innra mat Suðurhlíðar 2025-2026

Í byrjun skólaársins voru átján börn á deildinni. Ellefu börn eru fædd árið 2021 og sjö börn fædd 2022. Alls sjö drengir og ellefu stúlkur. Byrjað var á gefa börnunum góðan tíma til aðlögunar. Lögð var mikil áhersla á sjálfseflingu strax um haustið og starfsfólk var meðvitað um að börn þurfa að þroskast og verða sjálfstæð, með því að takast á við áskoranir. Þegar barn vill gefast upp að reyna og segir “ég get ekki” var það hvatt áfram með setningum eins og “Nei ekki ennþá, þú ert að æfa þig”. Stuðningur til sjálfshjálpar í öllum aðstæðum er því rauður þráður í starfinu. Börnin fengu fljótt færni í að klæða sig í og úr tengt útiveru og ganga frá. Þau æfðust í að skammta sér sjálf á diskinn í matartímum, nota hnífapör og hella í glasið. Þetta hefur gengið vel og eru börnin orðin nokkuð sjálfbjarga en þurfa að sjálfsgöðu áframhaldandi þjálfun og hvatningu. Það er lykilatriði að börnum sé treyst og gefinn tíma til sjálfseflingar á hverjum degi. Sú upplifun barns að geta bjargað sér sjálft er nauðsynleg og afar mikilvæg fyrir sjálfsmynd og sjálfstraust þess.

Með það í huga að “umhverfið er þriðji kennarinn” samkvæmt Reggio Emilia stefnunni var rými deildarinnar skoðað og aðlagð meira að þessum áherslupætti. Umhverfið var t.d. gert líflegra og skemmtilegra með myndverkum barnanna.

Í nóvember breyttum við útliti deildarinnar, sérstaklega innra innra herberginu. Gólfíð var teppalagt til að bæta hljóðvist og fundum við strax mikinn mun. Við vildum skapa rólegra og fallegra umhverfi á deildinni, tókum t.d. niður háar vegghillur og settum lægri hillu á gólfíð í staðinn svo börnin hefðu betra aðgengi að leikföngum, eins og mælt er með í Reggio Emilia stefnunni. Við útbjuggum einnig sjálf fallett og litríkt eldhús þar sem allar krukkur og kassar er merkt, þannig geta börnin auðveldlega lært flokkun og skipulag. Við settum upp skýrari umgengnisreglur á deildinn varðandi frágang, virðingu fyrir leikefni og finnst okkur hafa tekist vel til að skapa góða ró á deildinni sem er jákvætt fyrir einbeitinguna.

Við deildum barnahópnum markvissara upp en áður, oftast í tvennt eða þrennt og nýttum leikrýmin á deildinni en notuðum auk þess torg, Listasmiðju og útisvæðið.

Seinna um haustið var sett af stað dansverkefni sem varði í nokkra mánuði en það var liður í meistaranámi starfsmanns á deildinni. Það vakti mikla ánægju barnanna og viljum við halda áfram með dans næsta vetur.

Sjálfsprottinn leikur hefur auðgast enn meira á deildinni enda starfsfólk duglegt við að setja daglega upp kveikjur og styrkir þátttakendur í leik barnanna. Sögustundir voru reglulega, ýmist á deildinni eða Torginu þar sem bókum var varpað upp á tjald með skjávarpa. Þetta





kveikti aukinn áhuga á bókalestri og börnin komu oft með bók að heiman. Einnig var áberandi að sjálfssprottinn leikur barnanna auðgaðist mikið við bókalesturinn. Bækurnar gáfu líka tækifæri til þess að skoða tungumálið nánar og leika sér með það. Forvitni barnanna vaknar og þau spyrja oft um það hvað ákveðin orð þýða. Mikil meðvitund er um að nýta hvert tækifæri sem gefst til málörvunar í öllum aðstæðum, t.d. að læra ný orð og ríma. Einnig höfum við sungið mikið, höfum verið svo heppin að hafa gítarleikara á deildinni í vetur. Gott vald á tungumáli er lykilatriði þegar kemur að félagsfærni, sem er eitt mikilvægasta verkfæri hvernar manneskju í lífinu. Börn æfa sig í samskiptum og félagsfærni í skólanum og starfsfólk leiðbeinir í öllum aðstæðum. Börnin eru hvött til þess að biðja um hlut með orðum “má ég fá?” í stað þess að taka af og þannig beint að samtali í stað ágreinings. Mikil áhersla er lögð á almenn kurteisi eins og það að bjóða góðan daginn, svara, þakka fyrir sig og segja “gjörðu svo vel”. Börnin eru hvött til þess að sýna samkennd í verki í formi tillitssemi, hjálpssemi og virðingar. Starfsfólk leggur svo áherslu á að bregðast strax jákvætt við góðri hegðun barns til þess að festa hana í sessi. Farið var reglulega í vettvangsferðir og börnin voru fljót að tileinka sér ferðareglur, eins og það að ganga í röð. Áfangastaðir hafa helst verið í nágrenni skólans, oftast í fjöruna en líka á leikvelli hverfisins eða í strætó að heimsækja aðra staði í borginni. Oft koma börnin með hugmyndir eða uppgötva eitthvað á leiðinni, þá má ekki gleyma að það er leiðin sem er markmiðið en ekki áfangastaðurinn.

-Jolanta Ewa Decewicz, deildarstjóri





Umbótaáætlun Suðurhlíðar 2026-2027

Suðurhlíð	
Umbótaþáttur/ matsþáttur	Sjálfs hjálp og samskipti
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum s.s. í fataherbergi og í matartímum, einnig í samskiptum við börn og fullorðna. Að aukið samstarf verði milli skóla og heimila um þessa þætti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk og foreldrar séu samstíga í meira mæli. Upplýsa foreldra betur um þá færni sem börn þeirra hafa í allri sjálfs hjálp og óska eftir samstarfi við að hvetja þau áfram. Hvetja börnin til að standa með sjálfum sér, tjá tilfinningar sínar og skoðanir með orðum og leysa ágreining á uppbyggilegan hátt.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Við byrjun skólaárs. Þegar færni barnanna hefur náðst en alltaf þörf á að halda þeim við efnið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Umræðumat á deildarfundum og stjórnendafundum. Rýnihópur barna. Í foreldrasamtölum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin verði orðin sjálfstæð í daglegum athöfnum. Að samstarf milli deildar og heimilis verði orðið meira og fjölbreyttara.





Suðurhlíð	
Umbótapáttur/matspáttur	Að lyfta upp áherslum Reggio Emilia á Suðurhlíð. Gera starf okkar sýnilegra fyrir foreldra.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allt starfsfólk þekki vel Reggio Emilia stefnuna og einnig könnunaraðferðina.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Regluleg umræða og fræðsla um Reggio og könnunaraðferðina.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026-júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Umræðumat á deildarfundum. Rýnihópur barna. Foreldrakönnun.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk, börn og foreldrar verði fróðara um Reggio og könnunaraðferðina. Að nám barnanna verði lifandi, skapandi og miðað við þau og að námsferlið verði sýnilegra. Að börnin hafi fengið tækifæri til að sjá sig á fjölbreyttan hátt.





Innra mat Lambhóls 2025-2026

Haustið 2025 fluttust 11 börn frá Lambhóli yfir á Suðurhlíð en fjögur börn voru áfram á deildinni. Frá Görðum fluttust 10 börn yfir á Lambhól og í byrjun september byrjuðu 3 ný börn í aðlögun. Þetta skólaár voru tveir árgangar á Lambhóli samtals 17 börn, 8 stelpur og 9 strákar og 13 mánuðir á milli elsta og yngsta barns. Í árgangi 2022 eru 11 börn, elstu fædd í maí og júní. Í árgangi 2023 eru 6 börn, yngsta fætt í apríl.

Námsumhverfi barnanna og málörvun var í fyrirrúmi; sögulestur, söngur, rím, og leikur með tungumálið almennt í öllum aðstæðum. Allt starfsfólk deildarinnar hafði umsjón með samverustundum, vakandi-/söguhvíld og börn og starfsfólk kom oft með bækur að heiman. Settar voru upp kveikjur til að styðja við leik barnanna. Sjálfsprottum leik er gert hátt undir höfði og reglulegar samræður starfsfólks áttu sér stað um hlutverk þess í leik og mikilvægi þess að vera virkur þátttakandi á forsendum barnanna.

Frá áramótum var barnahópnum markvisst skipt upp í tvo hópa; yngri börnin fóru út fyrir hádegi ásamt einum starfsmanni og eldri börnin eftir hádegi. Hinn hópurinn var inni með tveimur starfsmönnum. Börnin nutu þessa fyrirkomulags vel, því minni hópar gáfu meira næði og betri möguleika í leik og öðrum verkefnum, bæði fyrir börn og starfsfólk.

Áhersla var lögð á sjálfsefningu barna; Nýju börnin voru ekki vön að borða í flæði á Torginu en þjálfuðust fljótt í því ferli að fara í litlum hópum á Torgið, skammta sér sjálf og ganga frá. Börnin þjálfuðust fljótlega í að klæða sig sjálf í útifatnað og eru komin með nokkuð góða færni í því. Fylgst var með framförum barnanna og rætt um mikilvægi þess að hvetja, hrósa og auk þess að gefa tíma og næði í öllum athöfnum dagsins og hæglæti í leikskólastarfi var haft að leiðarljósi. Eftir því sem leið á veturinn hafði sjálfsefning barnanna styrkst til muna og þeim var veitt meira frelsi við fataval tengt útiveru og foreldrar hvattir til að takmarka fatnað í hólfum barna sinna til að auðvelda þeim valið.

- Anna Önfjörð, deildarstjóri





Umbótaáætlun Lambhóls 2026-2027

Lambhóll	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldisfræðilegar skráningar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk þjálfist enn frekar í skráningum og fái þar með aukið tækifæri til virkari þátttöku í faglega starfi deildarinnar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjóri er með kynningafundi um uppeldisfræðilegar skráningar. Innleidd verða skráninga-/athugunarblöð til að auðvelda skráningurnar. Rætt um skráningar á deildarfundum og hvernig að þróa nám barnanna áfram
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Starfsfólk metur saman reglulega á deildarfundum/starfsdögum hvernig gengur og hvað má betur fara. Umræðumat á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Allt starfsfólk er fært um að skrá nám barna á uppeldisfræðilegan hátt og nám barna er sýnilegt inni á deild, bæði listaverk þeirra og uppeldisfræðilegar skráningar





Lambhóll	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Náttúran og barnið (vettvangsferðir)
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Áætlað er að setja reglulegar vettvangsferðir á dagskrá næsta skólaár. Fara annað hvort öll saman eða oftast í minni hópum. Taka efnivið úr náttúrunni með í leikskólann og kanna og skoða hann og nota hann í starfinu. Efla forvitni barnanna um umhverfið og tengsl þeirra við náttúruna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stefnt að fara a.m.k. tvisvar í mánuði í ferð fyrir utan skólalóð, oftast ef tækifæri gefst. Ef ekki gefst tækifæri til að fara öll börnin og starfsfólkið saman, þá fara tveir starfsmenn með helminginn af börnunum einn daginn, og síðan fara tveir starfsmenn með hinn helminginn næsta dag eða eins fljót og auðið er. Starfsfólk fer sjálfst fyrst á staðinn og fer síðan með börnin.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Starfsfólk tekur stöðuna einu sinni í mánuði. Notaðar verða uppeldisfræðilegar skráningar til að meta hvort tengsl barnanna við náttúruna birtist í námi og leik þeirra.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börnin þekkja vel sitt nærumhverfi og eru áhugasöm um að fara í gönguferðir. Þau eru forvitin um náttúruna og umhverfið og þau finna fyrir að náttúran er hluti af leikskóladeginum.





Lambhóll	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Málörvun er grunnstoð í menntun leikskólabarna. Barnahópnum skipt í tvo minni hópa til að auka gæði samverustunda. Haldnar verða öflugar samverustundir tvisvar á dag þar sem eru lesnar sögur og bækur, sungnar fjölbreytt sönglög, sagt frá, rímt og klappað atkvæði. Notaðar verða ýmsar leiðir til málörvunnar eins og leiklist og frásögn. Tónlist og söngur notað sem öflugt tæki til málörvunar. Kenna börnum að fara vel með bækur.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk fær undirbúningstíma til að skipuleggja og undirbúa samverustundir. Deildarstjóri kynnir fyrir starfsfólki bækur og annað efni sem gott er að nota. Allt starfsfólk deildar er ábyrgt fyrir samverustundir og er sú ábyrgð dreifð viku og viku. Deildarstjóri innleiðir Leikur að Bókum einu sinni í mánuði þar sem börnin "leika" bók sem þau þekkja vel.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólkið
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Starfsfólk metur stöðuna á deildarfundum einu sinni í mánuði og ræður um hvað gengur vel og hvað megi betur fara. Umræðumat á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börnin eru forvitin um bókmenntir og sögur og hafa gaman af að segja frá og hlusta á aðra. Þau eru áhugasöm um tungumálið og að leika með tungumálinu. Börnin eru áhugasöm um bókalestur og vita hvernig þau eiga að fara með bækur.





Innra mat Garða 2025-2026

Haustið 2025 voru 12 börn í aðlögun á Görðum, en eitt barn var fyrir á deildinni. Það voru því samtals 13 börn, þar af 6 stelpur og 7 strákar. Aldursbilið spannaði 7 mánuði, en elsta barnið er fætt í júní 2023 og yngsta í janúar 2024. Börnin náðu að aðlagast vel og var góð stemning, bæði í barna- og starfsmannahópnum. Tveir starfsmenn voru á Görðum allan veturinn.

Breytingar urðu á starfsmannahópnum um áramótin þegar einn starfsmaður fór í fæðingarorlof og annar flutti erlendis. Þrír nýir starfsmenn byrjuðu á deildinni, þar af einn þroskaþjálfari og einn leikskólakennaranemi.

Námsumhverfi barnanna var í forgrunni þar sem settar voru upp skapandi kveikjur í upphafi dags. Eins höfðum við skapandi efnivið sýnilegan svo börnin gátu óskað eftir honum. Það auðveldar börnunum að koma eigin hugmyndum í framkvæmd og örvar skapandi hugsun í leik. Sett voru upp nokkur skapandi flæði á torginu í samstarfi við Lambhól. Börnin nutu sín vel í þeim skapandi verkefnum sem voru á boðstólum.

Sérstök áhersla var lögð á sjálfshjálpinu, þá sérstaklega í fataherberginu og matartímanum. Börnin náðu tökunum að ganga frá eftir sig. Skafa af disknum í matardallinn, ganga frá glasi og hnífapörum. Í fataherberginu fengu börnin góðan tíma og voru hvött áfram að klæða sig sjálf í og úr útifötum. Þar sem snagarnir eru of hátt uppi fyrir yngstu börnin fengu þau aðstoð starfsfólks við að hengja upp eftir útiveru en röðuðu alveg sjálf skónum sínum í skógrind.

Daglegt starf einkenndist af tíðum lestri bóka. Börnin höfðu aðgengi að harðspjalda bókum og skoðuðu ýmist saman eða með kennara. Bæði var lesið í frjálsum tíma og í samverustundum. Við höfðum tvískipta samverustund sem skiptist í eldri og yngri barnahóp, þannig gátum við mætt börnunum þar sem þau voru stödd. Eins var daglega sungið í skipulögðum og óskipulögðum stundum. Mikil áhersla var lögð á að efla hljóðkerfisvitund barnanna, þar sem atkvæði voru klöppuð, leikið með rím og málhjóðin lögð inn. Allt starfsfólkið á deildinni var virkt í að vera með samverustundir og fengum við leiðarvísi frá sérkennsluteymi Sæborgar til að auka gæði stundanna.

-Oddný Heimisdóttir, deildarstjóri





Umbótaáætlun Garða 2026-2027

Garðar	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Áframhaldandi áhersla á sjálfshjálpi í fataherbergi og matartíma.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Börnin klæði sig að mestu sjálf í og úr útifötum í fataherbergi. Börnin geti gengið frá eftir sig eftir matartímann.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnin eru hvött áfram
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 - ágúst 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Umræður á deildarfundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Aukin færni og sjálfstraust barnanna





Garðar	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Kveikjur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Áhersla á að auðga námsumhverfi barnanna með kveikjum. Halda áfram með kveikjur í upphafi dags og skapa ævintýraheim inni á deild. Börnin finna aukið öryggi að mæta inn á deild á morgnana þegar skapandi verkefni bíður þeirra. Það skapar ró og auðveldar að komast í núvitund og flæðisástand, sem styður við hæglætisáherslur leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Finna til efnivið í undirbúningi. Setja upp kveikjur í upphafi dags.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026-ágúst 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Umræður á deildarfundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Virkni barnanna í skapandi verkefnum





Garðar	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Skráningar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Þjálfa allt starfsfólk deildarinnar í gerð skráninga og auka þannig virkni allra í faglegu starfi deildarinnar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Handleiðsla frá deildarstjóra og undirbúningur fyrir starfsfólk til að kynna sér skráningahandbók leikskólans.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 - maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Samtöl við starfsfólk á deildarfundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Fjöldi skráninga





Samtal við 5-6 ára börn.

Kennarinn: „Hvað er flæði?“

- Það er skemmtun“

-Það er svona til að hafa skemmtilegt

Já! Og hvernig höfum við það skemmtilegt í flæðinu?

- Við fáum svona orma og eitthvað

-Og lesa bók og læra hluti

Ég skil. Og hvað erum við að læra í flæðinu?

- Að mála...og leira

- Ó ég hugsaði um bókabíó...í flæði erum við að leika með slím, slím í dollu

Hvað gerir þú í flæði

-Mér finnst svo skemmtilegt

-Maður leikur sér...og maður á að velja

-Stundum eru laufblöð og demantar

-Og leika með sandleir!“

Hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera í flæðinu?

-Að leika! (Sögðu nokkur börn í einu)

Hvað haldið þið að orðið útikennsla þýði?

-Það er svona kennsla úti.

-Hvað er eiginlega kennsla?

-Þegar við erum að læra eitthvað úti.





Erum við að læra eitthvað úti? Hvað getum við lært úti?

-Um ormana.

-Og sniglana.

-Við förum stundum í fjöruna.

-Og krabba.

-Stundum er við úti að leika í garðinum!

Hvað getum við lært þegar við förum út t.d. í ferð ?

-Ekki hlaupa í burtu frá kennara.

-Við lærum að fara saman í röð.

-Og segja góðan daginn við strætóbílstjóra.

Lærðum við eitthvað þegar við förum í Perluna t.d.?

-Um fiskana og fugla.

Fáum við tíma til að leika okkur í Sæborg?

-Já!

-Ekki alltaf.

Hvað eruð þið að gera þegar þið eruð ekki að leika ykkur?

-Þá erum við að taka saman og fara í samveru.

-Já, og borða mat.

-Já en maður á að borða mat!!“

Fáið þið nógu mikinn tíma til að leika ykkur ?

-Já! Jú!





Samtal við 4-5 ára börn.

Hvað er flæði?

-Leikfimi. Það er líka svona frjálst, maður fær að leika sér frammi. Flæði er eins og þrautabraut frammi.

Hvað gerir maður þegar það er flæði?

Þá á maður að leika. Þá er engin að skipa fyrir mann. Kannski fer maður aldrei út.

Hvað er útikennsla?

Þá er maður úti að gera kennslu, að læra stærðfræði til dæmis.

Hvað er hægt að gera í útikennslu?

Að læra stærðfræði og teikna og tína ber. Að vera í útilegu.

Fær maður tíma til að leika sér í Sæborg?

Já.





Málstefna Sæborgar

Markmið málstefnunnar er að skapa örvandi og hlýtt málumhverfi þar sem íslenskan blómstrar og börn fá tækifæri til að nota tungumálið á eigin forsendum.

„Börn sem heyra mörg orð læra mörg orð“

Böðum börn í íslensku. Setjum orð á það sem við gerum, spyrjum spurninga og virkjum okkur í gott samtal.

Lesum bækur og segjum sögur á hverjum degi, það er mikilvægasti þátturinn í málörvun og eflir orðaforða. Nýtum öll tækifæri í dagsins önn til málörvunar; í leiknum, leikum okkur með orð og rím og spilum spil sem veita tækifæri til samræðna.

Í Sæborg er áhersla lögð á

að töluð sé íslenska innan veggja skólans.

Starfsfólk er meðvitað um að íslenska er alltaf fyrsta mál.

Starfsfólk af erlendum uppruna fær tækifæri og aðstoð við að ná tökum á íslensku. Notum skýrt mál, bendingar, tákn og samlokuna (íslenska-enska-íslenska) eftir þörf.

Það er mikilvægt að við séum meðvituð um að íslenska er skólamálið okkar og mál samfélagsins. Þess vegna er það okkur öllum ávinningur að íslenskukunnátta sé góð. Að við fáum öll tækifæri til að öðlast góða færni í íslensku.

Lögð er áhersla á gott samstarf við alla foreldra.

Foreldrar af erlendu bergi eru hvattir til þess að efla börn sín í heimamálinu og virðing er borin fyrir öllum tungumálum.

Notum íslensku í samræðum við foreldra.

Notum skýrt mál, bendingar, tákn og samlokuna (íslenska-enska-íslenska) eftir þörf.





F. h. leikskólans Sæborgar

Hafdís Svansdóttir

31. maí 2026

Leikskólastjóri

Dagsetning





Umsögn foreldraráðs

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Starfsáætlun Sæborgar fyrir skólaárið 2026-2027 samræmist áherslum síðasta skólaárs, þar sem hæglæti, flæði, sjálfsprottinn leikur, útikennsla og sjálfsefning verða áfram í forgrunni.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er bæði aðgengileg og auðlesanleg. Áherslur starfsins og áætlun um umbætur eru skýrar.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Starfsáætlunin er afar upplýsandi um áherslur og markmið Sæborgar fyrir komandi skólaár. Upplýsingar um umbætur frá síðasta ári eru aðgengilegar og skýrar.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráð fagnar áframhaldandi áherslu á flæði og hæglæti. Unnið hefur verið með sjálfseflinu barnanna og sjálfsprottinn leik með kveikjum að leik í upphafi dags, og er það vel.

Í starfsáætluninni er stefnt að markvissri teymisvinnu starfsfólks í útikennslu, sköpun og flæði, málörvun, dansi og hreyfingu sem fylgt verður eftir með reglulegum teymisfundum. Foreldraráð telur það fagnaðarefni.

Foreldraráð kallar eftir að framvinda teymisvinnu verði gerð sýnileg foreldrum reglulega yfir árið.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Björk Þorgrímsdóttir

Erna Svanhvít Sveinsdóttir

Hrafnhildur Ómarsdóttir





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



